



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2023

AFBGPL03

Afskorin blóm og greinar II

| | |
|----------|---------------------------------------|
| Kennari: | Valgerður Jóndís Guðjónsdóttir |
|----------|---------------------------------------|

Áfangalýsing:

Nemendur læra að þekkja u.þ.b. 100 tegundir afskorinna blóma og greina sem eru á markaði, til viðbótar þeim 100 tegundum sem farið var yfir í áfanganum AFBG2PF05. Lögð verður áhersla á latnesk og íslensk heiti tegunda og ætta, uppruna og útlitseinkenni. Farið er yfir helstu yrki, blómliti, ilm, notkunarmöguleika, gæðamat, endingu og árstíðabundið framboð.

- Nemendur útbúa vinnubók yfir önnina sem inniheldur öll þau atriði sem farið er í um hverja tegund.

Undanfari: AFBG2PF05 (Afskorin blóm og greinar I)

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Latneskum og íslenskum tegundar- og ættarheitum u.þ.b. 100 tegunda afskorinna blóma sem eru á markaði.
- Uppruna viðkomandi tegunda.
- Útlitseinkennum plöntutegundanna, s.s. blómlitum, vaxtarlagi, blaðgerð og áferð.
- Rétttri meðhöndlun, endingartíma og notkunarmöguleikum þessara plöntutegunda.
- Hvaða tegundir afskorinna blóma og greina er í boði á hverjum árstíma.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Greina til tegundar og ættar u.þ.b. 100 tegundir afskorinna blóma og greina sem eru á markaði út frá útlitseinkennum.
- Vinna með og meðhöndla á réttan hátt þessar tegundir afskorinna blóma og greina svo endingartíminn verði sem lengstur.

Greina hvaða tegundir afskorinna blóma og greina eru í boði á hverjum árstíma.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Velja til notkunar viðeigandi tegundir/yrki úr hópi u.þ.b. 100 tegunda afskorinna blóma og greina sem eru á markaði út frá uppruna, vaxtarlagi, lit og áferð sem metið er með verkefnum og skriflegu prófi.

Leiðbeina öðrum um réttar aðferðir við vinnu og meðhöndlun þessara tegunda afskorinna blóma og greina svo endingartíminn verði sem lengstur sem metið er með leiðsagnarmati, rökstuðningi og skriflegu prófi.

Gera sér grein fyrir hvaða tegundir eru í boði á hverjum árstíma og geta ráðlagt öðrum um val á þeim tegundum sem henta við hvert tækifæri sem metið er með útsjónarsemi, kynningum, rökstuðningi og skriflegu prófi

Námsefni:

Cut flowers, Cut foliage eftir Su Whale

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

| Vika | Dagsetning | Námsefni og viðfangsefni | Próf og verkefni |
|---------|------------------------------|---|-------------------------------|
| 1 - 4 | 28.ágúst – 22.september | Kennsla hefst 29.ágúst Farið yfir plöntur í heimaverkefni 1-3 | Skila heimaverkefni 1-2 |
| 5 - 8 | 25.september – 20.október | Farið yfir plöntur í heimaverkefni 4 -7 | Skil á heimaverkefni 3-6 |
| 9 - 12 | 23.október – 17.nóvember | Farið yfir plöntur í heimaverkefni 8 - 10 | Skil á heimaverkefni 7 - 9 |
| 13 - 14 | 20.nóvember – 1.desember | Upprifjun | Skil á heimaverkefni 10 |

| | | | |
|---------|-------------------------------|------------------------|--|
| 15 - 16 | 4. desember - 15. desember | Próf 8. desember kl: 9 | |
|---------|-------------------------------|------------------------|--|

Sérreglur áfangans:

Nemendur þurfa á ná að lágmarki 4,5 í einkunn á lokaprófi til að verkefna bók sé metin inn í loka einkunn.

Námsmat:

| Námsþáttur | Lýsing á námsmati | Vægi |
|-------------|--|------|
| Verkefnabók | Nemendur vinna verkefnabók á önninni | 30% |
| Lokapróf | Nemendur taka lokapróf í lok annar á Innu. | 70% |
| Samtals | | 100% |

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Reykir, 28.ágúst 2023

Valgerður Jónís Guðjónsdóttir